

Landsyfirrjettardómar 1875.

Mánudaginn 25. janúarmán.

Nr. 15/1874.

Miklaholtskirkja

gegn

Arnarstapaumboði.

D ó m u r.

Mál þetta er þannig vaxið, að fyrir landi jarðarinnar Syðra-Skógarness, er heyrir undir Arnarstapaumboð, liggur meðal fleiri skerja sker nokkurt, er nefnist Ketilsker, og annað þar fram af, er kallast Djúpsker; í innra skerinu hefur tíðkæzt haustkópa- og stórsela uppidráp og vorsela veiði, en í hinu fremra skerinu hefur engin veiði verið höfð í manna minnum, fyrri en haustið 1867, að þá var þar tekið upp útsela uppidráp. Prestarnir í Miklaholti hafa að undanförunu tekið þátt að helmingi við ábúendurna á Syðra-Skógarnesi í haustkópa veiðinni og stórsela uppidrápinu í innra skerinu, en ekki í vorkópa veiðinni þar, jafnvel þó áfrýjandinn, presturinn síra Geir Bakkmann einlæggt þykist hafa gjört tilkall til hennar, síðan hann varð prestur í Miklaholti; og eins tók hann 3 fyrstu árin þátt að helmingi við Skógarness ábúandann í útsela uppidrápinu í fremra skerinu, eptir að uppidráp það byrjaði; en sumarið 1869 var honum með stefnuvottum birt brjef frá umboðsmanni nefnds umboðs, dagsett 31. maí s. á., er eptir fyrirmælum amtmannsins í

vesturamtínu bannaði honum stranglega hvers konar veiði í Djúpskerinu og alla hlutdeild í vorsela veiði í fyr nefndu Ketilskeri, þangað til hann á löglegan hátt hefði sannað rjett Miklaholtskirkju til þessa. Sökum þessa og þar eð nú presturinn áleit, að Miklaholtskirkja ætti eptir máldögum sínum nefnd tvö sker að helmingi við Skógnesinga, þá höfðaði hann mál eptir fyrirmælum stiptsyfirvaldanna gegn umboðsmanni Stapa umboðsins, og krafðist, að skerin yrðu til dæmd Miklaholtskirkju að helmingi við Skógnesinga með öllum gæðum, og að sjer sömuleiðis yrðu dæmdar bætur af Arnarstapajarða umboðssjóði: 1, 125 rdl. með 4% rentu frá 3. janúar 1871 fyrir missi hálftrar vorsela veiðar við Ketilsker í þau 15 ár, er hann hafði verið þar prestur og enn fremur 8 rdl. 32 sk. með 4% rentu ár hvert meðan á málinu stæði, og sjer yrði varnað veiðar þessarar á móts við Skógnesinga, og 2, 30 rdl. með 4% rentu frá 1. janúarmán. 1870 fyrir missi helmings útsela-afla í nóvember og desember 1869 úr hinu dýpra Ketilskeri; og loksins að nefndur sjóður yrði dæmdur til að greiða allan málskostnaðinn. En með dómi sýslumannsins í Snæfellsness-sýslu og tiltekinnna meðdómsmanna, 27. júní f. á., var umboðssjóðurinn dæmdur sýkn fyrir kærnum og kröfum Miklaholtskirkju í máli þessu, og málskostnaður látinn falla niður. Þessum dómi hefur nú presturinn eptir fyrirmælum stiptsyfirvaldanna skotið til yfirdómsins, og gjört þar því nær með öllu sömu rjettarkröfum, sem fyrir undirdóminum, en þó og til vara, að Miklaholtskirkju verði tildæmd vorsela veiði við Ketilsker (hið grynna) að helmingi við Skógnesinga, samt að umboðssjóðnum verði gjört að skyldu að svara kirkjunni hæfilegum bótum fyrir missi vorsela veiðar við Ketilsker um undanfarin 15 ár, eptir mati óvilhallra manna.

Áfrýjandinn byggir nú það álit sitt, að Miklaholts kirkja eigi bæði hin umræddu sker, á því, að í máldaga Miklaholts kirkju frá 1181 standi, að hún eigi . . . «Ketilsker og Hellusker og Taðnasker að helmingi við Skógnesinga með öllum gæðum», því hann álitur, að orðið «Ketilsker», sje hjer haft í fleirtölu, og tákni því bæði skerin, bæði hið grynna og hið dýpra; að það sje haft í fleirtölu byggir hann aptur á því, að menn nú í daglegu tali kalli bæði skerin til samans Ketilsker, eins og líka virðist, að honum þyki það nokkuð óeðlilegt, að kirkjunni ekki skyldi vera gefið þetta eina sker, Djúpskerið, með hinum öðrum skerjum, er liggja fyrir Skógarness landi. En þessar ástæður virðast með öllu ónógar, til að byggja þar á eignarrjett Miklaholts kirkju til fremra skersins, því eptir málinu getur orðið Ketilsker eins vel táknað eitt sker, er svo heiti, sem fleiri, og það má álitast sannað undir málinu, að grynna skerið út af fyrir sig sje kallað Ketilsker, en þar á móti virðist það engan veginn sannað, að dýpra skerið sje almennt kallað Ketilsker, heldur almennt Djúpsker, og þó mörg sker fyrir Skógarness landi hafi verið gefin kirkjunni, þá leiðir þar af engan veginn, að öll sker fyrir landi tjeðrar jarðar hafi verið gefin henni, eða að Djúpskerið hafi orðið að fylgja með í gjöfinni; en auk þessa stendur í Vilkins biskups máldaga, og eins Gísla biskups, að Miklaholts kirkja eigi Ketilsker hálf, en þetta sýnir ljóslega, að á þeim tímum, er máldagar þessir gjörðust, hafa menn að eins kallað eitt sker Ketilsker : hið grynna skerið, og álitid, að það hálf lægi undir Miklaholts kirkju. Að vísu hefur áfrýjandinn fært nokkur rök að því, að Vilkins máldagi væri eigi nákvæmur í því, að telja upp eignir Miklaholts kirkju, en þó hann kunni að vera ónákvæmur í því, þá leiðir þar af engan veginn

að hann hafi misskilið hina eldri máldaga kirkjunnar, hvað Ketilsker snertir, og það því síður, sem hann þar ekki er í neinni ósamkvæmni við orð máldagans frá 1181. Þar eð nú þannig engin skilríki eru fram komin fyrir því frá Miklaholts kirkju hálfu, að hún eigi hið umþrætta Djúpsker, er liggur fyrir landi jarðarinnar Syðra-Skógarness, nje að henni beri nokkur rjettur til haustkópa og og stórsela uppdráps þar, þá verður hvorki henni gefinn eignardómur fyrir skeri þessu, nje áfrýjandanum dæmdar skaðabætur fyrir útseli þá, er þar voru drepnir í nóvember og desember 1869.

Hvað þar á móti þá kröfu áfrýjandans snertir, að Miklaholts kirkja eigi hálf Ketilsker, þá virðist hún á góðum rökum byggð, því bæði er þetta sagt með berum orðum í máldagabókum biskupanna Vilkins og Gísla, en eptir erindisbrjefi biskupanna hjer á landi 1. júlí 1746, 16. gr. og konungsbrjefi 5. apríl 1749 eiga þær að álitast áreiðanlegar og autentiskar, og eptir þeim dæmast og útkljást allar þrætur um eignir kirkna í Skálholts biskupsdæmi; og líka er ekkert það fram komið af hendi hinna stefndu, er hrindi þessu; en af þessu leiðir þá aptur, eða af eignarrjetti Miklaholts kirkju á skerinu, að henni hlýtur að bera rjettur til hálftrar vorkópa veiðar þar, sem og með öllu er samkvæmt máldaganum frá 1181, er eignar henni Ketilsker að helmingi við Skógnesinga með öllum gæðum, og það getur ekki neitt hnekkt þessum rjetti kirkjunnar, þó áfrýjandinn eigi hafi notað hann, nje þó formenn hans um tíma kunni heldur eigi að hafa gjört það. En þó þessu sje þannig varið, þá getur engin skylda hvílt á umboðssjóði Arnarstapajarða til þess að endurgjalda áfrýjandanum skaða þann, er hann með kæruleysi sínu, að gjöra þennan rjett sinn gildandi,

hefur bakað sjer; honum geta því að eins borið skaðabætur frá sættakæru-degi, 26. maí 1871, og þar eð hinir stefndu ekki hafa sjerstaklega mótmælt þeirri upphæð, sem áfrýjandinn hefur krafizt í þessu skyni, sem sje 8 rdl. 32 sk. eða 16 krónur 66 auru árlega, ber að dæma honum tjeða árlega upphæð með 4% vöxtum um árið úr umboðssjóði Arnarstapa jarða. Málskostnaður fyrir báðum rjettum virðist eptir mála-vöxtum eiga að falla niður. Hinum skipuðu mála-flutningsmönnum við yfirdóminn bera hvorum fyrir sig fyrir flutning málsins 30 krónur, er greiðist þeim úr opinberum sjóði. Meðferð málsins, sem hefur verið gjafsóknarmál fyrir báðum rjettum, hefur í hjeraði verið vítalaus, og flutningur þess fyrir yfirdóminum lögmætur.

Því dæmist rjett að vera:

Miklaholts kirkju tilheyrir hálf Ketilsker, er liggur fyrir landi jarðarinnar Syðra-Skógar-ness, með öllum gæðum. Í skaðabætur bera áfrýjandanum, Geir presti Bachmann, úr sjóði Arnarstapa-umboðs 16 krónur 66 aurar árlega, frá 26. maí 1871, með 4% vöxtum um árið. Að öðru leyti á nefndur umboðssjóður að vera sýkn af kröfum áfrýjanda í þessu máli. Mála-flutningsmönnum Páli Melsteð og Jóni Guðmundssyni, er skipaðir hafa verið að flytja málið fyrir yfirdóminum, bera fyrir flutning þess, hvorum fyrir sig, 30 krónur, er lúkest þeim úr opinberum sjóði.